

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1991

11. september 1991

755

Nr. 413

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 407 12. október 1990 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1991–1992.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Sömu ákvæði um mat líflamba til fullvirðisréttar skulu gilda um kaup líflamba hjá þeim aðilum sem leigt hafa Framleiðnisjóði landbúnaðarins fullvirðisrétt til sauðfjárframleiðslu. Kaupandi líflamba skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um fjölda líflamba sem keypt eru og seljendur þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1991.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigbórsson.

11. september 1991

REGLUGERÐ

Nr. 414

um breytingu á reglugerð nr. 313 2. júlí 1991 um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til lækkunar á niðurfærslu fullvirðisréttar á lögbýlum á hverju búmarkssvæði kemur innlagður fullvirðisréttur sbr. 22. gr. og fullvirðisréttur nýtanlegur til framleiðslu sem seldur hefur verið ríkissjóði skv. II kafla. Sala til ríkissjóðs á fullvirðisrétti sem er í framleiðslu á lögbýlum umfram markmið sbr. 9. og 10. gr. kemur ekki til lækkunar á fyrri niðurfærslu annarra búmarkssvæða. Ákvæði þessarar mgr. ná ekki til fullvirðisréttar utan lögbýla.

2. gr.

3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1991.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigbórsson.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.